



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVEF  
HÖFÐATORGI

145. fundur

14. SEP. 2018

Málsnr.:

SFS 2018090093

Bréfalykill:

5.1

Reykjavík, 12. september 2018

R18090043

HBL/bp

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að auka niðurgreiðslur til dagforeldra með börnum 18 mánaða og eldri***

Á fundi borgarstjórnar þann 4. september 2018 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að við 18 mánaða aldur hækki niðurgreiðslur til dagforeldra svo kostnaður foreldra verði til samræmis við þau gjöld sem foreldrar greiða í leikskólum borgarinnar. Þetta á við um þau börn sem dvelja hjá dagforeldrum og eru orðin 18 mánaða gömul hið minnsta.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða tillögur sem starfshópur um eflingu dagforeldraþjónustu lagði fram í skýrslu sinni í maí síðastliðnum. Skóla- og frístundaráð fól þá sviðsstjóra að vinna innleiðingaráætlun með forgangsörðun og kostnaðarmati og er vinna við hana á lokastigi. Hún verður lögð fyrir ráðið síðar í september.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja nauðsynlegt í þeirri viðleitni að gæta jafnræðis milli barna sem eru í leikskólum annars vegar og hjá dagforeldrum hins vegar að hækka niðurgreiðslur til dagforeldra svo kostnaður foreldra verði til samræmis við þau gjöld sem foreldrar greiða í leikskólum borgarinnar. Jafnframt felur tillagan í sér raunverulegt val fyrir foreldra um daggæslukosti. Þetta á við um þau börn sem dvelja hjá dagforeldrum og eru orðin 18 mánaða gömul hið minnsta. Í skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar segir eftirfarandi: „Foreldrar hafa ítrekað gert athugasemdir við að þeir sitji ekki við sama borð þegar kemur að niðurgreiðslum, þar sem foreldrar barna sem fa inni á ungubarnaleikskóla greiða lægsta gjaldið, foreldrar með börn hjá dagforeldrum greiða um tvöfalt það gjald á meðan enn aðrir fá ekki gæslu og verða jafnvel af vinnu og framfærslu vegna þess.“ Borgarstjórn samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til skóla- og frístundaráðs til meðferðar.

Helga Björk Laxdal

e.u.